

9. fundur hreppsnefndar Árneshrepps

Fundurinn er haldinn á skrifstofu Árneshrepps miðvikudaginn 10. júní og hefst kl 17.

Mætt til fundar: Sigrún Sverrisdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Kristjana María Ásbjörnsdóttir, Róbert Ingólfsson og Þorgerður Lilja Björnsdóttir.

Sigrún oddviti stýrir fundi, Þorgerður ritar fundargerð

Dagskrá fundarins:

1. Kosning í ráð og nefndir
2. Ákvörðun um veitingu ábyrgðar og umboð til undirritunar lánasamnings vegna láns Sorpsamlags Strandasýslu.
3. Kosning tveggja fulltrúa í nefnd vegna svæðisskipulags Vestfjarða og tilnefning eins fulltrúa í kjörnefnd fyrir fjórðungsþing 24. júní 2026.

1. Kosning í ráð og nefndir

Skóla- og fræðslunefnd:

Aðalmenn: Elín Elísabet Jóhannsdóttir Löve, Kristjana María Ásbjörnsdóttir og Þorgerður Lilja Björnsdóttir

Varamenn: Bjarnheiður Júlía Fossdal, Oddný Þórðardóttir og Hrefna Þorvaldsdóttir

Umhverfis - og náttúruvernd:

Aðalmenn: Thomas Elguezabal, Róbert Hlífur Ingólfsson og Davíð Már Bjarnason

Varamenn: Kristín Guðmundsdóttir

Velferðarnefnd (Sameiginleg nefnd Stranda og Reykhóla)

Aðalmaður: Þorgerður Lilja Björnsdóttir

Varamaður: Elín Elísabet Jóhannsdóttir Löve

Skipulags- bygginga og framkvæmdanefnd:

Aðalmenn: Arinbjörn Bernharðsson, Arnþór Halldórsson og Kristín Guðmundsdóttir

Varamenn: Guðjón Stefán Kristinsson, Róbert Hlífur Ingólfsson og Sigrún Sverrisdóttir

Hafnarnefnd:

Aðalmenn: Marta Gíslrún Ólafsdóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Kristmundur Kristmundsson

Varamenn: Pétur Ragnarsson, Guðjón Stefán Kristinsson og Úlfar Eyjólfsson

Samgöngunefnd:

Aðalmenn: Hulda Björk Pálsdóttir, Róbert Hlífar Ingólfsson og Héðinn Birnir Ásbjörnsson

Varamenn: Jean-Cedric Masse , Björn Guðmundur Torfason, Kristjana María Ásbjörnsdóttir

Atvinnumálanefnd:

Aðalmenn: Davíð Már Bjarnason, Guðlaugur Ágústsson, Arnþór Halldórsson

Varamenn: Delphine Briois, Sigrún Sverrisdóttir og Thomas Elguezabal

Kjörstjórn:

Aðalmenn: Guðlaugur Ingólfur Benediktsson, Delphine Briois og Sólveig Rögnvaldsdóttir

Varamenn: Bjarnheiður Júlía Fossdal, Kristjana María Ásbjörnsdóttir og Guðlaugur Ágústsson

Skipan í nefndir samþykkt samhljóða.

2. Kosning tveggja fulltrúa í nefnd vegna svæðisskipulags Vestfjarða og tilnefning eins fulltrúa í kjörnefnd fyrir fjórðungsþing 24.júní 2026

Svæðisskipulag Vestfjarða : Arinbjörn Bernharðsson og Sigrún Sverrisdóttir taka það að sér. Þorgerður Lilja Björnsdóttir verður fulltrúi í kjörnefnd fyrir Fjórðungsþing Vestfjarða.

Samþykkt samhljóða.

3. Ákvörðun um veitingu einfaldrar ábyrgðar, veðsetningu tekna til tryggingar ábyrgðinni og umboð til undirritunar lánasamnings vegna láns Sorpsamlags

Strandasýslu í eigu sveitarfélagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð

á láni Sorpsamlags Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja tekjur sveitarfélagsins til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ábyrgðin nær til láns að höfuðstól allt að kr. 21.000.000,- með lokagjalddaga þann 4. desember 2033, ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem hreppsnefndin hefur kynnt sér. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til að fjármagna kaup á sorpbíl. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Hreppsnefndin skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæðum samþykkt félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila. Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Evu Sigurbjörnsdóttur, þáverandi oddvita, kt. 240450-2089 veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Árneshrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Sigrún las yfir bókunina og var hún samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 17:55